

Afbrotatíðindi Ríkislögreglustjóra



Janúar 2015//BRADABIRGÐATOLUR


Þjófnaðarbrotum er skipt í flokka eftir tegund, þ.e. hnúpl, þjófnaður á eldsneyti, farsíma, skráningarmerki ökutækis, þjófnaður á ökutæki og þjófnaður-annað*. Þegar tegund þjófnaðar er greind eftir kyni má sjá að þjófnaður kvenna er aðallega búðarhnúpl eða í 77% tilvika. Hins vegar fellur þjófnaður karla í 52% tilvika undir búðarhnúpl.

Þegar skoðað er hversu oft kærðir einstaklingar koma fyrir vegna þjófnaðarbrota í síðastliðnum janúarmánuði má sjá að algengara er að konur hafi stolið oftari en einu sinni en karlar, eða 17% kvenna á móti 14% karla.


Á mynd D má sjá kyn kærðra í þjófnaðarbrotum síðastliðna 12 mánuði. Í janúar voru karlar 59% kærðra og 41% konur. Hlutfall kvenna í þjófnaðarbrotum er hátt þegar litið er til annarra brota, en hlutfall kvenna í hegningarlögreglabrotum hefur verið í kringum 20% (sjá t.d. Grunaðir kærðir 2011-2012 á www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi).

*undir „þjófnaður-annað“ fellur t.d. þegar fleiri en einum varningi er stolið eða einhverju öðru en fellur undir flokkunina.


Þjófnaðarbrot í janúar



Mynd 1. Hlutfallsleg skipting þjófnaðarbrota eftir kyni í janúar 2015.




Mynd A. Fjöldi hegningarlögreglabrot og auðgunarbrot síðustu 13 mánuði.




Mynd B. Fjöldi umferðarlögreglabrot og hraðakstursbrota síðustu 13 mánuði.

Tímabilið febrúar til og með janúar



Mynd C. Fjöldi innbrota, líkamsmeiðinga og eignaspjalla síðustu 12 mánuði og yfir sama tímabil síðustu tvö ár.



Mynd D. Hlutfall kynjanna í þjófnaðum síðustu 12 mánuði.